



Fundargerð.

Stjórnarfundur nr. 107.

Stjórnarfundur Norðurá bs., haldinn á netinu 31. október 2022 kl 15:00. Á fundinum voru stjórnarmennirnir Magnús B. Jónsson, Einar E. Einarsson, Sveinn F. Úlfarsson og Snorri Finnlaugsson, áheyrnarfulltrúi. Einnig sat fundinn Elvar Bjarki Gíslason, verkstjóri hjá Norðurá bs. Einar E. Einarsson ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Fundargerð fundar nr. 106.
2. Endurnýjun beltagröfu.

1. Fundargerð fundar nr. 106

Samþykkt samhljóða.

2. Endurnýjun beltagröfu

Elvar lagði fram tillögu um kaup á notaðri Hitachi zx225uslc-6 beltagröfu frá Írlandi. Vélin er árgerð 2018 og keyrð 5.600 vinnustundir og kostar 14.729 .000. Að sögn seljenda er hún á nýjum beltum, öll yfirfarin og nýsmurð. Upp í kaupverð vélarinnar tekur kaupandi núverandi Kato beltagröfu á 4.290.000 kr. Samtals milligjöf með kostnaði við flutning á vélinni til landsins og að flytja Kato vélina að bryggju á Sauðárkróki er áætlaður á gengi dagsins í dag 12.345.000 kr auk vsk. Stjórn yfirfór fyrirbyggjandi gögn um vélina samþykkti að kaupa hana og selja Kato vélina og fól Elvari B. Gíslasyni að annast þau viðskipti. Jafnframt samþykkti stjórn að hækka fjárfestingarlið fjárhagsáætlunar 2022 um 13 milljónir. Vélin verður greidd með eigin fé.

Fleira var ekki á dagskrá. Fundi slitið kl. 15:30

Magnús B. Jónsson

Einar E Einarsson

Sveinn Úlfarsson

Snorri Finnlaugsson

Elvar Bjarki Gíslason